

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2015

2016/EES/69/24

frá 11. júní 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/411 frá 11. mars 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um plúshlaðin fjölliðubindiefni með fjörgreind ammóníumsambönd sem blandað í málningu og yfirborðsmeðferðarefni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/416 frá 12. mars 2015 um að samþykkja dínótefúran sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/417 frá 12. mars 2015 um að samþykkja *Bacillus sphaericus* 2362, sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/419 frá 12. mars 2015 um að samþykkja tólyflúaníð sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 ⁽⁴⁾.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zzu (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/407) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „12zzv. **32015 D 0411**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/411 frá 11. mars 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um plúshlaðin fjölliðubindiefni með fjörgreind ammóníumsambönd sem blandað í málningu og yfirborðsmeðferðarefni (Stjtið. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 30).
- 12zzw. **32015 R 0416**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/416 frá 12. mars 2015 um að samþykkja dínótefúran sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 30).
- 12zzx. **32015 R 0417**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/417 frá 12. mars 2015 um að samþykkja *Bacillus sphaericus* 2362, sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 33).
- 12zzy. **32015 R 0419**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/419 frá 12. mars 2015 um að samþykkja tólyflúaníð sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 39).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 39.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/411 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/416, (ESB) 2015/417 og (ESB) 2015/419, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.